

Mannvit hf  
Teitur Gunnarsson  
Urðarhvarf 6  
203 Kópavogur

Reykjavík, 29. október 2021  
Tilvísun: 202107112 / 4.1.1

---

## **Efni: Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 fjögurra sorpsamlaga á Suðvesturlandi – Umsögn Skipulagsstofnunar**

---

Vísað er til erindis Mannvits verkfræðistofu f.h. Verkefnisstjórnar um sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi til Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2021 ásamt meðfylgjandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi fyrir ofangreint tímabil. Í áætluninni er kafli sem nefnist umhverfisskýrsla og gerir grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar.

Samkvæmt erindinu hafa sorpsamlög sveitarfélaganna á svæðinu, þ.e. SORPA bs., Sorpurðun Vesturlands hf., Sorpstöð Suðurlands bs. og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. gert með sér samkomulag að standa sameiginlega að lögbundinni endurskoðun svæðisáætlunar sem liggur fyrir frá árinu 2009 ásamt gerð umhverfismats hennar. Ábyrgð á framkvæmd endurskoðunarinnar var í höndum sérstakrar verkefnisstjórnar samningsaðilanna.

Í erindinu kemur fram að við fyrrnefnda endurskoðun væri umfjöllunarefni helst að gæta samræmis við núgildandi stefnumörkun og uppfærsla á þeim upplýsingum. Samanburður á valkostum er mun minni en í fyrri áætlunum þar sem staðsetningar urðunarstaða og ákvörðun um sorpbrennslu á Íslandi eða erlendis liggur ekki fyrir.

Skipulagsstofnun telur að áætlunin og umhverfismatskýrsla sé í öllum aðalatriðum greinargóð og vandlega unnin. Tilgangurinn með að meta umhverfisáhrif áætlunarinnar, skv. lögum nr.111/ 2021, er m.a. að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og sjálfbærrar þróunar við mótun áætlana.

Skipulagsstofnun fékk áætlunina til skoðunar fyrr í haust og benti á tiltekin atriði sem þyrfti lagfæringar en stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við svæðisáætlunina og umhverfismatsskýrslu hennar.

Jakob Gunnarsson